

REGLUR

um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í fjárhagsvanda.

1. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

2. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2002–2004.

Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2001, 2002 og 2003 og bráðabirgðatölur 1. desember 2004.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun í sveitarfélagi hefur verið umfram 0,5% á tímabilinu og heimild til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2004 er fullnýtt af sveitarstjórn. Þó skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er ekki umfram þrjá íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 200 millj. kr. til sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga telur vera í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna, svo sem vegna íbúafækkunar, tekjusamdráttar eða annarra ástæðna. Við mat á vanda sveitarfélaga skal eftirlitsnefndin meðal annars taka tillit til lykiltalna skv. 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga nr. 374/2001, með síðari breytingum, og annarra viðmiða sem nefndin ákveður.

Telji eftirlitsnefndin þess þörf getur hún í samræmi við III. kafla reglugerðar nr. 374/2001 gert tillögur um úrbætur í rekstri eða gert samning við sveitarfélag um aðgerðir, eftirlit og eftirfylgni. Jafnframt er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og lánardrottna, ef hún telur að fjárhagsstaða sveitarfélags sé svo slæm að það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar.

Nefndin gerir tillögu til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um skiptingu fjáris og skilyrði fyrir úthlutun. Hafni sveitarstjórn þátttöku í aðgerðum skv. 2. mgr. sem eftirlitsnefndin metur nauðsynlegar skal synja viðkomandi sveitarfélagi um aðstoð samkvæmt þessari grein.

Eftirlitsnefndin getur sett sér nánari vinnureglur um undirbúning úthlutunar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjáráukalaga fyrir árið 2004, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.